



Hörgársveit

Forsætisráðuneytið
Lækjartorgi
101 Reykjavík

Hörgársveit 7. apríl 2020

Efni: Uppbygging innviða í samráðsgátt.

Hörgársveit vill taka eftirfarandi fram vegna skýrslu átakshóps sex ráðuneyta um úrbætur innviða sem nú er í samráðsgátt stjórнvalda.

Sveitarfélagið þakkar fyrir þá miklu vinnu sem átakshópurinn hefur lagt í þessa skýrslu á þeim stutta tíma sem liðinn er frá óveðrinu í desember. Átakshópurinn leggur til fjölmargar aðgerðir til að styrkja innviði í landinu enda ekki vanþörf á, eins og kom berlega í ljós í desember s.l.

Hörgársveit leggur áherslu á eftirfarandi verkefni:

LAN-031 Úrbætur á starfsemi almannavarnarnefnda og aðgerðastjórna í héraði. Ljóst er að skerpa þarf á hlutverki allra viðbragðsaðila sem koma að almannavarnarástandi fyrir hönd sveitarfélaga og virkja vettvangsstjórnir. Aðkoma heimamanna þarf að vera með skýrari hætti.

LAN-110 Opinberar áfallatryggingar. Hörgársveit tekur undir nauðsyn þess að yfirfara þurfi skilgreiningar á því hvað fellur undir opinberar áfallatryggingar (áður Bjargráðasjóður). Mikilvægt er að skýra hvernig tjón vegna afurðamissis á kúabúum, gripatjón og tjón á girðingum verði bætt. Alveg er ljós að þegar snjóa léttir í vor komi mikið tjón í ljós á girðingum í sveitarfélagini sem og víðar um landið.

LAN-130 Neyðarfjarskiptakefi almennings. Hörgársveit fagnar áætlunum um stefnumótun um neyðarfjarskiptakerfi fyrir almenning og viðbragðsaðila. Þarna kom í ljós mikil brotalóm í óveðrinu í desember þar sem sumir íbúar sveitarfélagsins voru án fjarskipta í langan tíma og upplifðu með því mikið ööryggi og hreinlega lífshættu vegna þess ástands.

NOE-08 dreifikerfi raforku: Hörgárdalur að vestan, jarðstrengur í stað viðgerðar á loftlinu. Hörgársveit fagnar því að gert er ráð fyrir þessari framkvæmd á árinu 2020 sem og lagningu jarðstrengs að austan megin í Hörgárdal einnig og þakkar fyrir það. Það má með engum hætti verða, að af þessari framkvæmd verði ekki á þessu ári. Þær loftlinur sem brustu í veturna ekki þau vetraveður sem koma á þessum stöðum.

NOE-83 flutningskerfi raforku: Hörgársveit fagnar því að gert er ráð fyrir lagningu jarðstrengs frá Akureyri til Dalvíkur og hvetur til þess að þeirri framkvæmd verði hraðað. Sveitarfélagið vill í þessu sambandi áréttá bókun sína frá 16.desember 2019 þar sem hvatt er til þess að allar núverandi raforkulínur í sveitarfélagini verði settar í jörð, eins og tæknilegar afmarkanir leyfa.

NOE-47 Vegaframkvæmdir: Hörgárdalsvegur, Skriða-Brakandi. Hörgársveit fagnar að loks skuli farið í þessa vegaframkvæmd og mælist eindregið til þess í ljósi nýrra aðstæðna að verkinu verði flýtt og klárað á árinu 2020, en verði ekki látið ná yfir tvö ár.

LAN-127 Öryggi vegfarenda. Hörgársveit vill benda á mikinn umferðarþunga á þjóðvegi 1, norðan Akureyrar frá Lónsbakka að gatnamótum við Ólafsfjarðarveg. Vegur þessi sem er einn sa fjölfarnasti fyrir utan höfuðborgarsvæðið ber engan veginn þessa miklu umferð og er hættulegur vegfarendum. Sveitarfélagið hvetur því til þess að strax á þessu ári verði klárað að fullhanna veginn og ákveða endanlega staðsetningu hans. Verði það gert er hægt að hefja þar framkvæmdir strax á árinu 2021. Einnig hefur berlega komið í ljós í tíðum óveðrum í veturnar hve mikill og oft á tíðum hættulegur vegatálmí Öxnadalsheiðin er. Hörgársveit styður því heilshugar hugmyndir Vegagerðarinnar um göng um Öxnadalsheiði og hvetur til að sú framkvæmd fái hið fyrsta raunhæfa skoðun og umræðu.

LAN-121 Samgönguáætlun ný vegaframkvæmd. Hörgársveit vill benda á að nú er í umræðunni uppbygging á Dysnesi við Eyjafjörð sem m.a. lýtur að nýjungum í úrgangs-, orku- og loftlagsmálum með svokölluðu lífmassaveri. Til þess að þetta verði raunhæfur kostur þarf að leggja stuttan en vandaðan veg með tengingu frá þjóðvegi 1 að Dysnesi. Raunhæft er að hanna þennan veg á þessu ári og leggja hann strax á því næsta.

Sjóvarnir: Í veturnar hefur komið í ljós að veruleg þörf er á lagfæringu sjóvarnargarðs á Hjalteyri. Nú er verið að vinna að áætlun um lagfæringar á garðinum í samvinnu við ríkisvaldið og er nauðsynlegt að fara í þessar framkvæmdir sem allra fyrst.

Fráveita: Gerð hefur verið áætlun um lengingu á útrás vegna fráveitu á Hjalteyri. Mikilvægt er að farið verði í þessa framkvæmd sem fyrst og ríkisvaldið styðji undir fráveituframkvæmdir með t.d. endurgreiðslu á virðisaukaskatti. Í þessu samhengi vill Hörgársveit jafnframt hvetja ríkisvaldið eindregið til þess að endurgreiða allan virðisaukaskatt af vinnu á vinnustað varðandi allar stofnframkvæmdir og viðhaldsframkvæmdir sem sveitarfélög sinna. Sveitarfélög sinna stóru hlutverki í uppbyggingu innviða og því er það sanngirnismál að endurgreiddur sé virðisaukaskattur af vinnu við slíka uppbyggingu.

Með von um jákvæðar undirtektir.



Snorri Finnlaugsson
sveitarstjóri Hörgársveitar.